

SAMÞYKKT

um umgengni og hreinlæti á athafnasvæðum fiskvinnslustöðva á Fáskrúðsfirði.

1. gr.

Fiskvinnslustöð er í reglum þessum öll húsakynni og athafnasvæði með búnaði þar sem tekið er á móti fiski, hann geymdur og unninn að einhverju leyti.

2. gr.

Reglur þessar fela í sér lágmarkskröfur varðandi umgengni og hreinlæti á athafnasvæðum fiskvinnslustöðva. Sveitarstjórn getur að fengnum tillögum heilbrigðisnefndar gefið út bráðabirgðaleyfi til starfrækslu fiskvinnslustöðva, þó þær fullnægi ekki reglum þessum að öllu leyti. Slík leyfi skulu þó einungis veitt til tiltekins tíma.

3. gr.

Lóð og næsta umhverfi fiskvinnslustöðva skal vera rykbundið, hreint og snyrtilegt. Einnig skulu byggingar stöðvanna vera snyrtilega frágengnar hið ytra. Ekki má láta úrgang af neinu tagi safnast kringum fiskvinnslustöð og ekkert má þar geyma, sem valdið getur óþrifum eða mengun. Forráðamenn fiskvinnslustöðvar skulu gera byggingafulltrúa grein fyrir aðkomuleiðum að húsum, skipulagi á bifreiðastæðum fyrir starfsfólk og aðra sem erindi eiga í húsið og einnig tengingum við gatnakerfi bæjarins. Að jafnaði skal gert ráð fyrir a.m.k. einu bifreiðastæði fyrir hverja 25 gólfplatarmetra í húsi. Ferming og afferming flutningatækja skal alfarið fara fram á lóð hússins og komið skal í veg fyrir að starfsemi stöðvarinnar truflí umferð á nærliggjandi götum.

4. gr.

Aðstaða skal vera innanhúss til geymslu á öllum búnaði fiskvinnslustöðva.

5. gr.

Fiskúrgang skal fjarlægja úr fiskvinnslustöð í þar til gerða geymslu að minnsta kosti einu sinni á dag, þá daga sem unnið er. Beinakassar, slóggassar og önnur ílát undir úrgang skulu vera þannig frágengin að auðvelt sé að tæma þau og viðhafa góða umhirðu og þrifnað á þeim og umhverfi þeirra.

6. gr.

Búnaður til flutninga á fiski og fiskúrgangi skal vera svo þéttur að tryggt sé að ekkert falli á flutningsleið.

7. gr.

Beinageymsla skal vera til staðar við fiskimjölsverksmiðju. Skal hún vera lokuð og þannig frá henni gengið að útilokað sé fyrir fugla og meindýr að sækja þangað æti.

8. gr.

Byggingum fiskvinnslustöðva, búnaði og tækjum svo og umhverfi skal ávallt haldið vel við. Vanhöld í viðhaldi geta valdið því að starfsemi fiskvinnslustöðva verði stöðvuð, sé viðvörnum ekki sinnt.

9. gr.

Ávallt skal þess gætt að mengun frá fiskvinnslustöðvum í sjó og lofti verði eins lítil og frekast er unnt. Frárennsliskerfi húsa skal vera þannig hannað og lagt að úrgangur sleppi ekki um lagnir til sjávar eða í fjörur. Fiskvinnslustöðvar skulu kappkosta að hafa eins góðan og tryggan útbúnað til mengunarvarna og kostur er á hverjum tíma.

10. gr.

Brot á samþykkt þessari getur valdið stöðvun á starfsemi fiskvinnslustöðva. Skulu heilbrigðisfulltrúi, hafnarvörður og byggingafulltrúi sjá til þess að reglum þessum sé framfylgt í hvívetna. Um málsmeðferð þ.á.m. ágreiningsmál fer skv. lögum nr. 81/1988, um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit.

11. gr.

Ofangreind samþykkt sveitarstjórnar Búðahrepps staðfestist hér með samkvæmt 22. gr. laga nr. 81/1988, um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit, til þess að öðlast gildi þegar við birtingu.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið, 28. október 1988.

Guðmundur Bjarnason.

Ingimar Sigurðsson.

AUGLÝSING

um umferð í Reykjavík.

Samkvæmt heimild í 81. gr. umferðarlaga nr. 50/1987 og að fenginni tillögu borgarráðs hefur verið ákveðið að

1. bann við að aka Rauðarárstíg frá noðri til suðurs yfir Hverfisgötu verði afnumið. Ennfremur verði afnumið bann við vinstri beygju af Rauðarárstíg austur Hverfisgötu,
2. bifreiðastöður verði bannaðar í miðeyju Snorrabrautar á kaflanum milli Laugavegar og Flókagötu. Þess í stað verði leyfðar bifreiðastöður á sama kafla Snorrabrautar á eftirtöldum stöðum:
 - a. að vestanverðu milli Laugavegar og innkeyrslu sunnan Snorrabrautar nr. 56,
 - b. austanverðu milli Grettisgötu og Njálsgötu,
 - c. austanverðu milli Vífilsgötu og Skeggjagötu,
3. bann við vinstri beygju af Snorrabraut vestur Laugaveg verði afnumið þegar kveikt verður á sérstöku beygjuljósi,
4. opi í miðeyju Snorrabrautar við Grettisgötu verði lokað,
5. þegar ekið er af Njálsgötu vestan Snorrabrautar inn á Snorrabraut verði aðeins heimiluð hægri beygja,
6. miðeyja Snorrabrautar við Bergþórugötu verði opnuð,
7. einstefna á Grettisgötu austan Snorrabrautar verði snúíð við, þ.e. verði frá Rauðarárstíg að Snorrabraut,